


Vorráðstefnan 2022 verður haldin 7. maí á Grand Hótel, Sigtúni 38 í Reykjavík og hefst klukkan 10:00.

Þema ráðstefnunnar er: *"Fjölbreytni og sveigjanleiki í menntun til framtíðar"* . Fjallað verður um hvað Covid-19 hefur kennt okkur í tengslum við nám og hvaða áhrif það muni mögulega hafa á námsaðstæður til framtíðar.

**Hægt er að hlusta á alla fyrirlestrana þrjá hér á netinu.**

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 10:00-10:30 | Morgunhressing og afhending ráðstefnugagna |
| 10:30-10:50 | Setning og ávarp landssambandsforseta |
| 10:50-11:20 | *Tími, rými og nám: Ný tækni og tækifæri*: **Sólveig Jakobsdóttir**, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands<br>Sólveig mun fjalla um nýtingu stafrænnar tækni í menntun á Íslandi og þróun fjar- og netnáms á mismunandi skólastigum. Áhrif COVID-faraldursins á nemendur og skólastarf eru skoðuð í þessu sambandi og litið til rannsókna hér á landi og erlendis. |
| 11:20-11:30 | Tónlistaratriði |
| 11:30-12:00 | *Nám framtíðar, hvernig lítur það út?* **Valgerður Ósk Einarsdóttir** kennsluráðgjafi, Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri<br>Valgerður mun fjalla um um fjarnám/netám/sveigjanlegt nám í ljósi þema ráðstefnunnar. |
| 12:00-12:30 | Umræður út frá erindum morgunsins. Hvert hringborð ræðir spurningar fyrirlesaranna og skráir niðurstöður á Padlettuna sem er á slóðinni hér fyrir aftan: https://padlet.com/ingileif/DKG2022 |
| 12:30-13:30 | Hádegisverður |
| 13:30-14:30 | *Unveiled Truth: Lessons I learned leading the international School of Kabul:* **Gail Goolsby** fyrirlesari á vegum DKG International Speakers Fund..<br>Gail Goolsby hlaut DKG Educators Book Award 2020 fyrir bókina: The Unveiled Truth þar sem hún fjallar um reynslu sína af því að stjórna alþjóðlegum skóla í Kabúl. Hún mun fjalla um það efni á ráðstefnunni. |

| | |
|---|---|
| 14:30-14:50 | *"Húmor og gleði - dauðans alvara".  Edda Björgvinsdóttir, leikkona, stjórnendaþjálfari, o.fl.* |
| 14:50-15:30 | Umræður um erindi síðdegisins |
| 15:30-15:45 | Samantekt á dagskrá og þingslit |
| 16:00-17:00 | Móttaka í Miðgarði |

Áætlað er að formlegri dagskrá ráðstefnunnar ljúki klukkan 16:00 og þá tekur við samvera DKG kvenna til klukkan 17:00.

Ráðstefnugjald hefur verið ákveðið **6000** krónur og eru veitingar og allt annað innifalið í gjaldinu. Til að skrá sig á ráðstefnuna þarf að greiða ráðstefnugjaldið inn á bankareikning landsambandsins og eru reikningsupplýsingar eftirfarandi: **546-26-2379 kt. 491095-2379**. Vinsamlegast setjið nafn deildar í stutta skýringarreitinn og ef biðja þarf um sérfæði (t.d. vegan, glútenóþol, o.s.frv.) þá vinsamlegast tiltakið það í lengri skýringarreitnum. Ef frekari upplýsinga er þörf vegna skráningar, vinsamlegast hafið samband við gjaldkera landssambandsins Kristínu Helgadóttur (krih@mi.is). Hún er með símann 691-3816

**Skráningu lýkur 4. maí.**